

# Frjóir Fimmtudagar – Menntabúðir um upplýsingatækni í námi og kennslu

Fimmtudagana [31. október](#), [7. nóvember](#) og [21. nóvember](#) kl. 16-18 verða haldnar menntabúðir í stofu H-207 í aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í hvert skipti til að auðvelda utanumhald og skipulagningu. Smelltu á dagsetningarnar til að skrá þig [31. október](#), [7. nóvember](#), [21. nóvember](#).

Mikil vakning er í tengslum við spjaldtölvur í skólastarfi og fjölmörg áhugaverð verkefni í gangi úti í skólunum varðandi upplýsingatækni og nýjar aðalnamsskrár. Áhersla verður lögð á tengslamyndun fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

## **Meginmarkmið menntabúða er að:**

- skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað
- veita þátttakendum tækifæri til að læra og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni
- stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Menntabúðirnar eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum og fyrir kennaranema. Þátttakendur fá staðfesta viðurkenningu á endurmenntun frá Menntavísindasviði HÍ.

Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku.

Þátttakendur eru beðnir að koma með framlag í búðirnar en alls ekki er ætlast til að allir komi með innlegg. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námsskrárvinnu, eða að varpa fram spurningum. Tryggt verður að nóg áhugavert efni verði til reiðu. Þátttakendur eru hvattir til að koma með fartæki (fartölvu, spjaldtölvu, snjallsíma,...) með sér og hægt verður að tengjast neti.

**Samstarfsaðilar um menntabúðir:**

[UT-torg](#) og [Menntamiðja](#)

Aðrir á Menntavísindasviði: Fagaðilar og framhaldsnemar í [upplýsingatækni og miðlun](#), Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun ([RANNUM](#)) og Menntasmiðja [3f – félag um upplýsingatækni og menntun](#)



# Umræðan um styttingu skólagöngu



Nemendur í  
Framhaldsskólanum á  
Laugum að gera

sjónvarpsþátt.  
Myndin er CC BY 2.0  
Örlygur Hnefill.

Undanfarið hefur verið mikil umræða um styttingu skólagöngu hér á landi. Af því tilefni höfum við tekið saman safn tengla á ýmsar nýjar og eldri greinar og skýrslur tengd málinu. Einnig er bent á rannsóknir sem tengjast algengum rökum fyrir og á móti styttingu skólagöngu, s.s. að draga úr brottfalli, bæta hagkvæmni, o.fl.

***Við hvetjum lesendur til að bæta við títlvísunum á greinar og rit í athugasemdum neðst á síðunni.***

### **Skýrslur og greinar**

[Stytting grunn- og framhaldsskóla: Áhrif á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu \(Hagfræðistofnun HÍ, janúar 2002\)](#)

[Skýrsla um styttingu námstíma til stúdentsprófs \(Menntamálaráðuneyti, 2003\)](#)

[Stytting námstíma til stúdentsprófs: Hvert erum við að fara? \(Már Vilhjálmsson, október 2003\)](#)

[Stytting náms til stúdentaprófs \(Ágúst Einarsson, október 2003\)](#)

[Rök með og á móti styttingu námstíma til stúdentaprófs \(Anna María Gunnarsdóttir, 2005\)](#)

[Uppfærum Ísland \(Samtök Atvinnulífsins, 2012\)](#)

[Stytting námstíma undirbúin \(RÚV, ágúst 2013\)](#)

[Stytting náms til stúdentsprófs er besta sparnaðarleiðin \(Viðskiptablaðið, júní 2013\)](#)

[Menntunin á tímum hagræðingar \(Leifur Ingi Vilmundarson, ágúst 2013\)](#)

Hlaughtu, krakki, hlaughtu! (Gylfi Þorkelsson, september 2013)

## **Rannsóknir**

Við bendum á *Skemmuna, gagnasafn með íslenskum námsritgerðum og ritum íslenskra fræðimanna.*

Nokkrar leitir á Skemmunni

„Brottfall úr skóla“

„Rekstur skóla“

„Lengd náms“

